

Kennsluleiðbeiningar með *Auði* eftir Vilborgu Davíðsdóttur

**Lokaverkefni unnið hjá Þórunni Blöndal
í námskeiðinu *Kennsla íslensku*
á Menntavísindasviði Háskóla Íslands
vormisseri 2013**

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Um Vilborgu Davíðsdóttur og verk hennar	3
3. Sögutími bókarinnar og tengsl hennar við önnur verk.....	6
3.1 Tengsl sögunnar <i>Auðar</i> við Laxdælu.....	6
4. Um <i>Auði</i> eftir Vilborgu Davíðsdóttur.....	7
4.1 Bygging	7
4.2 Málfar	9
4.3 Sögutíminn	12
4.4 Kynhlutverk sögutímans	13
4.5 Þemu.....	14
5. Að lestri loknum	14
5.1 Umræður	14
5.2 Ritunarverkefni.....	16
5.3. Samanburður á einstökum köflum.....	17
6. Tillögur að lokaverkefni eða prófi.....	20
Glærur um <i>Auði</i>	22
Heimildir	27

1. Inngangur

Skáldsagan *Auður* sem kom út árið 2009, er fyrsta af þremur bókum, Vilborgar Davíðsdóttur um landnámskonuna, Auði Ketilsdóttur djúpúðgu, sem þekkt er úr *Landnámu*. *Vígroði* heitir önnur bókin um Auði sem kom út árið 2012 og þriðja og síðasta bókin er væntanleg á næstunni.

Auður gerist á Suðureyjum og á Írlandi á 9. öld og hefst árið 853 og fjallar um uppvaxtarár hennar á Suðureyjum allt þar til hún giftist Ólafi hvíta konungi í Dyflinni og eignast með honum soninn Þorstein rauða. Sögunni lýkur með skilnaði þeirra. Auður er skapheit og ættstór og er ekki sátt við hlutskipti sitt að vera ráðstafað af föður sínum. Sagan lýsir vel lífi kvenna á landnámsöld, harðri lífsbaráttu og erfiðu hlutskipti þeirra. Feður þeirra réðu hverjum þær giftust og var yfirleitt um hagsmunahjónabönd að ræða. Stúlkur voru yfirleitt gefnar, kornungar, mönnum sem þær þekktu ekki neitt og þurftu þær að yfirgefa fjölskyldu sína og halda út hinn stóra heim með heimanmundinn einan í farteskinu.

Auður er dóttir víkingsins og höfðingjans Ketils flatnefs og er ákveðin, sterk og viðkunnanleg og ögrar þeirri stöðu sem konur voru í á sögutíma án þess að verða of nútímaleg. Sagan hefst þar sem Auður er enn í foreldrahúsum á eyjunni Tyrvist, ung stúlka komin á giftingaraldur. Faðir hennar er í hernaði og eru því mæðgurnar einar heima með þrælum og ambáttum þegar munkurinn ungi, Gilli, birtist. Auður tekur kristna trú og er trúskiptunum lýst mjög vel í bókinni. Fjölskylda Auðar er heiðin og hún er því alin upp við norræna goðatrú í samfélagi þar sem sæmd, virðing og völd skipta öllu máli. Í samfélaginu er hins vegar farið að gæta kristinna áhrifa. Þrælar eru kristnir og því er litið niður á kristna trú sem trú veiklundaðra en heiðnin hampar hins vegar þeim sterku. Auður heldur enn í ýmislegt úr heiðninni þó að hún sé kristin og vonast eftir velþóknun heiðnu goðanna.

Gilli ætlar sér að koma helgri bók sem Ketill hafði tekið í einni herförinni á sinn stað í klaustri. Þegar Ketill kemur heim hefur hann lofað Auði höfðingjanum Ólafi hvíta og á hún að flytja til hans í Dyflinni. Hann hálsheggur Gilla fyrir að hafa kveikt í hofinu á bænum. Auður bjargar bókinni og tekur hana með sér til Dyflinnar og leggur í hættuför til að koma henni í réttar hendur. Í lok sögunnar hafa Auður og Ólafur eignast son en Ólafur segir skilið við hana þar sem hann telur soninn vera son rauðhærða munksins Gilla. Auður tekur líf sitt í eigin hendur gegn þeirri venju sem ríkti um að konur væru ráðstöfunareign þeirra karlmanna sem stóðu þeim næst og ákveður að setjast að á Þórsá, jörðinni sem hún fékk í línfé frá Ólafi. Enda þótt Helgi bjólan bróðir hennar sé á móti þeirri ráðstöfun lætur hann það gott heita.

Í sögunni er lífi ambáttarinnar gerð góð skil. Að heiðnum sið gátu karlmenn tekið sér frillur og voru það yfirleitt ambáttir sem fengu það hlutskipti. Auður ólst upp við það að faðir hennar átti barn með frillunni Morag. Móðir hennar, Yngveldur, hafði ekkert um það að segja og þurfti að lifa í sátt og samlyndi með henni og dótturinni sem hún eignaðist með Katli. Auður lendir í svipuðum aðstæðum þegar hún giftist Ólafi hvíta sem átti einnig samneyti við ambáttina, Eðnu. Í sögunni er aðstæðum kvenna og karla lýst mjög vel og hvernig hlutverkum karla og kvenna var háttað á landnámsöld. Líf

karlmannsins var ekki alltaf dans á rósum því það snerist mikið til um hernað og hver dagur gat verið þeirra síðasti.

Einn mikilvægasti þáttur sögunnar eru átökin á Bretlandseyjum á 9. öldinni. Auður er stödd í þeim miðjum og karlmennirnir í fjölskyldu hennar eru þátttakendur í bardögum sem eiga sér þar stað milli Norðmanna, Dana, Kelta og Íra sem takast á um lönd og völd.

Höfundur sögunnar, Vilborgu Davíðsdóttur, tekst einstaklega vel að flétta saman heimildum og skáldskap. Sagan heldur lesandanum frá fyrstu mínútu og Auður og ættmenni hennar lifna við í meðförum hennar.

2. Um Vilborgu Davíðsdóttur og verk hennar

Vilborg Davíðsdóttir (f. 1965), rithöfundur, er þjóðfræðingur að mennt. Fyrsta skáldsaga hennar *Urðarbrunnur* kom út árið 1993. *Nornadómur* sem er framhald hennar kom út ári seinna. Báðar sögurnar gerast um 900 og fjalla um ambáttina Korku Þórólfsdóttur. Bækurnar hafa notið mikilla vinsælda og hlotið ýmsar viðurkenningar. Þær hafa einnig verið gefnar út í einu bindi undir heitinu *Korku saga*. Sérsvið Vilborgar er líf norrænna manna á fyrri öldum því sagan *Eldfórnin* (1997) fjallar um nunnu sem var brennd á báli á Kirkjubæjarklaustri á 14. öld. Bókin *Galdur* (2002) gerist í Skagafirði þegar Englendingar réðu ríkjum. *Hrafninn* (2005) fjallar um líf Inúíta og norrænna manna á Grænlandi á 15. öld en hún var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. *Auður* (2009) var einnig tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

Eldfórnin (1997) sem gerist á 14. öld byggir í ríkari mæli á heimildum en Korku sögunnar. Vilborg byggir efni hennar á annálum og þjóðsögum. Í sögunni er sögð saga nunnu sem var samkvæmt annálum brennd á báli 1343. Vilborg dregur eins og fyrr sannfærandi og lifandi mynd af fólki og lífi þeirra og glæðir það drama og óhugnaði. Vilborg notar þjóðsagnastílinn án þess að stæla hann um of. Eins og í öðrum bókum Vilborgar eru konurnar sterkar, sjálfstæðar og gagnrýnar á samfélag sitt. Vilborg er gagnrýnin á ríkjandi hugmyndafræði kristninnar á þessum tíma sem snýr að hugmyndum um syndir og kynhlutverk. Vilborg vinnur vel úr þjóð- og goðsagnamínum, s.s. hugmyndum um fylgjuna og sögur af útburðum. Hún notar einnig þekkt stílbragð dramatískra skáldsagna þar sem kunnuglegt minni fær aukið vægi því þar er trúin á mátt orðanna algengur hluti af daglegu lífi.

Skáldsagan *Galdur* er söguleg rómansa sem gerist á 15. öld. Sagan fjallar um Ragnfríði sem verður ófrísk að barni 15 ára gömul sem verður til þess að trúlofun hennar og efnilegs og ungs manns, Þorkels, er slitin. Áratug síðar hittast þau aftur en þá er Þorkell orðinn kaþólskur prestur og getur af þeim sökum ekki verið með konu. Í sögunni er dregin upp mynd af erfiðri aðstöðu Ragnfríðar, sem er fallin kona, en vegna fjölskyldutengsla er hún ráðin sem bústýra hjá biskupi. Sögulegur bakgrunnur eru trúarbragðaátök milli erlendra biskupa og innlendra presta. Sagan er í senn dramatísk

frásögn af átökum um auðævi, lönd, biskupsembætti og um Ragnfríði sjálfa. Sagan er vel skrifuð og vel farið með heimildir.

Líkt og fyrri bækur Vilborgar hefur *Auður* hlotið einróma lof gagnrýnenda:

„Sagan er vel uppbyggð, spennandi og fróðleg og heldur kirfilega í lesandann allt til enda.” – Þormóður Dagsson / Morgunblaðið (um *Auði*)

„Auður djúpúðga sprettur lifandi fram, sjálfstæð, skapmikil, stolt kona sem lætur sér ekki allt fyrir brjósti brenna.” – Oddný Árnadóttir / Eyjan.is (um *Auði*)

„Vilborg bregður upp skýrri og grípandi mynd af persónum sínum og því lífi sem þær lifðu: Lesandinn finnur lyktina af þeim; heyrir raddir þeirra, sér þær ljóslifandi ... Skemmtileg og innihaldsrík saga.” – Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið (um *Auði*)

<http://www.eymundsson.is/nanar/?productid=7e495593-bfc6-4c0a-878c-d4a43d4cf948> sótt 6. apríl 2013

Bækur Vilborgar eiga það allar sameiginlegt að vera flokkaðar sem sögulegar skáldsögur. Vilborg notar heimildir og skáldskap jöfnum höndum og tekst það sérlega vel. Vilborg er sú íslenskra kvenrithöfundu sem hefur hvað helst haldið á lofti nafni hins sögulega reyfara.

Sögur Vilborgar eiga fullt erindi við nútímann því hún velur að skrifa um stöðu kvenna í veröld karlanna sem hlýtur alltaf að kalla fram umræður um stöðu kvenna í samtímanum. Sögur Vilborgar þykja nútímalegar án þess að vera sögulegar stælingar og eru skemmtilegar aflestrar.

Viðtal við höfundinn

Finna má nýlegt viðtal við Vilborgu vegna útgáfu bókarinnar *Vígroða* sem er framhald af *Auði* á vefslóðinni:

<http://www.budardalur.is/forsida/vidtol/245-vigroei-vietal-vie-vilborgu-daviesdottur>

Á bókarkápu *Vígroða* segir:

Auður djúpúðga elur upp son sinn á eigin jörð á Katanesi. Hún hefur haldið sig fjarri Suðureyjum frá því að leiðir hennar og Ólafs hvíta Dyflinnarkonungs skildu af ótta við að Ketill flatnefur, faðir hennar, gefi hana manni á ný.

Lagt út af viðtali með umræðum fyrir nemendur og kennara

Viðtal við höfund skáldsagna er tilvalið kennsluefni. Nemendur og kennari hlusta á samtalið og síðan er tilvalið að leggja út af samtalinu með umræðum um þau atriði sem stóðu upp úr í samtalinu:

Áhugaverðir punktar í umræðum með nemendum:

- Nafnið *Vígroði*: hvaðan er orðið komið og hvað sjáið þið út úr merkingunni (hugsid um samsetningu orðsins)?
- Hvaðan kom Auður djúpúðga og fjölskylda hennar?
- Lýsið uppruna Auðar, stétt og ættmennum.
- Hvernig datt þessu fólki í huga að koma til Íslands? Hver var ástæðan?

- Í *Laxdælu* er talað um „þvílíkan ófrið“ á Bretlandseyjum, hvað merkir það; hver var rótin að ófriðnum?
- Af hverju þurfti Auður að smíða skip í leynum?
- Lýsið dísarblóti; hvað er það, hvenær fer það fram og af hverju?
 - Hvernig kemur fyrsta landnámskonan, Auður djúpúðga, ykkur fyrir sjónir?
 - Af hverju er ull á bókarkápu *Vígroða* og hvernig tengist það Auði?
 - Konur voru yfirleitt ekki ríkar á þessum tíma en hver var ástæðan fyrir því að Auður er talin vera vel stæð miðað við konur þess tíma?
 - Af hverju var ullin svona verðmæt?
 - Hvað er Auður talin vera gömul þegar hún kemur til Íslands?
 - Við hvað er miðað þegar aldur hennar er ákvarðaður?
- Lýsið aðstæðum kvenna í sambandi við giftingu og heimanmund og língjöfina?
- Af hverju heldur Auður língjöfinni þegar hún kemur til Íslands?
- Hverjir réðu hverjir konur giftust á landnámsöld og hvernig breyttist staða kvenna við fráfall föður?
- Lýsið skilnaði á landnámsöld:
 - Hvað fengu konur að taka með sér?
 - Hvernig var högum kvenna háttað eftir skilnað?
- Hvað gerir Vilborg Davíðsdóttir til þess að komast inn í sagnaheim og forsögu Auðar djúpúðgu?

Í þættinum *Ferðalok* sem sýndur var í Ríkissjónvarpinu 24. mars 2013 er fjallað um Auði djúpúðgu og för hennar til Íslands og sýnd leikin myndbrot sem tengjast *Laxdælu* og því sem kemur fram um Auði þar. Meðal annars er rætt við Vilborgu Davíðsdóttur um Auði. Gott væri að sýna nemendum þáttinn (sem er tæpur hálf tími að lengd) en ef ekki eru tæk á því væri gott fyrir kennara að skoða þáttinn sem finna má á slóðinni: <http://www.ruv.is/sarpurinn/ferdalok/24032013-0>

Auk þess er viðtal við Vilborgu á Smugunni sem áhugavert er að skoða:

<http://smugan.is/2012/12/vidtal-vilborg-dav/>

3. Sögutími bókarinnar og tengsl hennar við önnur verk

Bókin er byggð á heimildum upp úr *Landnámu* og sögupersónan Auður djúpúðga kemur einnig fyrir í *Laxdælu*. Hér er umfjöllun um sögutíma verksins og tengsl bókar við önnur sambærileg verk.

Vilborg hóf rithöfundaferil sinn á tveimur bókum sem gerast í kringum árið 900 og segja frá ungri konu, Korku, sem er dóttir norsks landnámsmanns á Íslandi og írskrar ambáttar hans. Bækurnar um Korku, *Við Urðarbrunn* og *Nornadómur* komu út árin 1993 og 1994 og voru svo gefnar út í einni bók, *Korku sögu* árið 2001. Eftir það komu út þrjár sögulegar skáldsögur eftir Vilborgu sem gerast á kaþólskum tíma en sú síðasta af þeim, *Hrafninn*, gerist á Grænlandi bæði á meðal inuíta og norrænna manna á 15. öld. Með útkomu skáldsögunnar *Auðar* árið 2009 sneri Vilborg aftur að víkingatímanum og heldur þeirri umfjöllun áfram í *Vígroða* og þriðju bókinni um Auði sem enn hefur ekki komið út.

Í *Auði* er fjallað um sterka konu sem er ekki sátt við það hlutskipti kvenna að vera álitnar ráðstöfunareign karlmanna í fjölskyldu sinni og reynir að brjótast út úr hefðbundnu kvenhlutverki. Aðrar sögulegar skáldsögur sem eru nálægar henni í tíma eru skrifaðar út frá sjónarhorni karlmanna, s.s. *Óvinafagnaður*, *Ofsi* og *Skáld* eftir Einar Káráson. Hægt væri hins vegar að tengja hana við aðrar sögulegar skáldsögur sem lýsa lífsbaráttu kvenna, eins og bækur Kristínar Marju Baldursdóttur um *Karitas*, *Karitas án titils* (2004) og *Óreiðu á striga* (2007), en þær fjalla meðal annars um það hvernig það er fyrir stúlku og síðar konu að reyna að brjótast út úr kynjaramma hefðarinnar. Sögutími þeirra er hins vegar annar, þ.e.a.s. 19. og 20. öldin.

Augljóst er að mikill munur er á stöðu kvenna á útgáfutíma *Auðar* og sögutíma hennar en hún á samt sem áður fullt erindi við samtímann þar sem hægt er að bera saman stöðu kvenna þá og nú. Það er líka full þörf á því þar sem staða kynjajafnréttisfræðslu í íslenska skólakerfinu virðist afar slök þó lög um jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum séu áratugagömul (Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2011). Í nýrri aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla er kveðið á um jafnrétti í víðum skilningi og enn ríkari áhersla lögð á kynjajafnréttisfræðslu en áður, jafnrétti er einn sex grunnþátta í námskránni og þar með talið kynjajafnrétti (Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2011). Ekki virðist veita af ef marka má nýlega rannsókn Auðar Magnúsar Leiknisdóttur (2005) á viðhorfi ungs fólks til jafnréttismála í upphafi 21. aldar. Niðurstöður hennar benda til þess að ungt fólk sé ekki jafnréttissinnaðra en áður og rannsóknir Andreu Hjálmsdóttur og Þórodds Bjarnasonar (2009) hafa jafnframt leitt í ljós að viðhorf ungmenna í dag er marktækt neikvæðara til jafnréttismála en jafnaldra þeirra fyrir einum og hálfum áratug (Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson 2011).

3.1 Tengsl sögunnar *Auðar* við *Laxdælu*

Í *Laxdælu* kemur Auður djúpúðga fyrir ásamt föður sínum, Katli flatnef. Í sögunni gengur Auður undir nafninu Unnur djúpúðga. Nafnið hefur líklega verið beygt upphaflega *Uðr* (nf.), *Unni* (þf.), *Unni* (þgf.), *Unnar* (ef.) og þaðan koma nöfnin *Auður* og *Unnur*. Í sögunni

lýsir Ketill, faðir hennar ástæðunni fyrir flótta norrænna manna frá Noregi. Hann tilgreinir helstu ástæðuna vera harðræði Haraldar hárfagra, sbr. (Laxdæla 1998:1535):

Sannspurðan hefi eg fjandskap Haralds konungs til vor. Sýnist mér svo að vér munum eigi þaðan trausts bíða. Líst mér svo sem oss sé tveir kostir gervir, að flýja land eða vera drepnir hver í sínu rúmi.

Í *Laxdælu* er einnig minnst á systur Unnar (Auðar), Þórunni, þar sem Ketill talar um að gefa hana Helga magra. Einnig er fjallað um Þorstein son Unnar (Auðar) þegar hann fellur. Líkindi er að finna í frásögnum *Landnámu* og *Laxdælu* þegar sagt er frá ferð Unnar (Auðar) til Íslands, sbr. (Gunnar Karlsson 1996):

Eftir það lét hún gera knörr í skógi á laun. Og er skipið var algert þá bjó hún skipið og hafði auð fjár. Hún hafði á brott með sér allt frændlið sitt það er á lífi var og þykjast menn varla dæmi finna að einn kvenmaður hafi komist á brott úr þvílíkum ófriði með jafnmikið fé og föruneysi. Má af því marka að hún var mikið afbragð annarra kvenna. (Laxdæla 1998:1538-39)

Unnur (Auður) smíðar skip í leyni og virðist vera flýja „þvílíkan ófrið“. Hún virðist hafa komist til Íslands með mikið fé sem var ekki algengt hjá konum þess tíma. Af þeim sökum var hún talin „afbragð annarra kvenna“. Af því má ráða að það hafi ekki verið sjálfgefið fyrir konu á þessum tíma að smíða skip í leyni og komast á brott með þetta mikið fé.

Landnámu og *Laxdælu* ber saman um að Unnur hafi dáið í brúðkaupsveislu. Frásögnunum ber hins vegar ekki saman um trú hennar. Í *Landnámu* er talað um að Unnur hafi verið kristin og því grafin í flæðarmáli. Í *Laxdælu* er hins vegar talað um að hún hafi verið heiðin og heygð að andláti loknu að heiðnum sið (Laxdæla 1998:1538-39). Þessi munur á frásögnum gæti bent til arfsagna eða munnmæla en gæti einnig bent til þess að kjarni frásagnarinnar sé sannur. Hvort sem satt er eður ei benda þessar frásagnir til þess að til hafi verið frásagnir af Unni (Auði) löngu áður en farið var að skrásetja þær (Gunnar Karlsson 1996). Þær frásagnir sem til eru af Unni (Auði) ber saman um að þarna hafi verið mikill kvenskörungur á ferðinni.

4. Um Auði eftir Vilborgu Davíðsdóttur

Þegar bókmenntaverk eru skoðuð er mikilvægt að huga að byggingu, stíl, sjónarhorni, andrúmslofti, málfari og sögutíma verksins.

4.1 Bygging

Sagan hefst í miðjum viðburði (lat. *in media res*), þ.e.a.s. án undanfarandi kynningar á persónum og aðdraganda viðburða en þær eru hins vegar nafngreindar. Fyrsta efnisgreinin er aðeins nokkur orð: „Auður er horfin, enn og aftur.“ Þessi örstutta málsgrein segir okkur samt heilmikið um Auði. Þarna er greinilega á ferðinni sjálfstæð

og uppreisnargjörn stúlka og lesandi má búast við heilmiklu umróti í kringum hana. Vert er að staldra við þessa fyrstu málsgrein með nemendum og jafnvel ræða hana áður en lestur bókarinnar hefst sem nokkurs konar kveikju. Í næstu málsgreinum koma Jórunn systir hennar og Yngveldur móðir hennar til sögunnar. Þær eru hins vegar ekkert kynntar nánar og þannig veit lesandi til dæmis ekki að Jórunn er hálsystir Auðar, dóttir ambáttarinnar Morag og föður hennar. Lesandinn þarf því svolítið að geta í eyðurnar og kemst að þessu öllu þegar lengra er komið í lestrinum.

Það er pirringur í loftinu gagnvart Auði og því að hún skuli ekki hegða sér samkvæmt venju og hefðbundnu hlutverki konunnar. Lesandinn fær strax á tilfinninguna að einhver vandræði eigi eftir að skapast í kringum Auði en jafnframt að hún sé sterk og ákveðin og vilji brjótast út úr viðjum vanans. Þarna er sjónarhornið hjá móðurinni sem er að hugsa um hegðun dóttur sinnar og fer svo yfir til Jórunnar sem á að leita að systur sinni. Flakkið milli sjónarhorna heldur áfram út bókina en er mest hjá Auði sem er aðalpersóna hennar. Það getur því verið áhugavert að skoða sjónarhorn í mismunandi hlutum bókarinnar.

Það virðist vera algengt að skáldsögur byrji í miðju kafi. Til samanburðar má skoða upphaf skáldsögunnar *Ljósu* eftir Kristínu Steinsdóttur (2010) þar sem sagan hefst líka á 3. persónu frásögn í miðjum viðburði en hins vegar án þess að nafngreina sögupersónur. Umhverfinu er hins vegar lýst mjög vel og sagan staðsett í tíma og rúmi:

Hún leggur af stað í dagrenningu en staldrar við og lítur um öxl. Herbergið er aflangt og rúmstæði við annan langvegginn tekur næstum allt plássið. Náttborðið er fjöl sem slegið hefur verið upp milli rúms og veggjar, þrír snagar á langveggnum gegnt rúminu. Þar hafa lengi hangið svart vaðmálsþils, treyja og sjal. Ekki er pláss fyrir stól. Yfir höfðalaginu er dagatal. 23. apríl 1938 (bls. 5).

Ef upphaf *Karítasar án titils* er skoðað má sjá að hún hefst líka í miðju kafi og litlar upplýsingar eru gefnar um sögupersónur:

Takið barnið frá mér, ég er að verða vitlaus.

Vinnukonan starir framfyrir sig stórum uppgleyntum augum.

Við gjóum augum hver á aðra, systir mín þagnar í miðjum sálmi.

Móðir okkar gengur rólega að vinnukonunni, tekur bróður okkar sofandi úr kjöltu hennar og vinnukonan bætir við eins og vanalega: fara má ég ofan enn.

Einu upplýsingarnar sem lesandi fær er að þarna er sagt frá móður, börnum hennar og brjálaðri vinnukonu. Aðalsögupersóna er ekki kynnt strax til sögunnar en hins vegar er sjónarhornið hjá henni sem barni.

Skáldsagan *Svar við bréfi Helgu* eftir Bergsvein Birgisson (2010) hefst á umfjöllun um dauðann og það er ekki fyrr en bréfitari nafngreindir þann sem látinn er að lesandi áttar sig á því að hann er að fjalla um andlát konu sinnar.

Sumir menn deyja sökum þess sem er utan við þá. Aðrir deyja af því að dauðinn er í þeim frá fornu fari og læsir sig um æðar þeirra innan frá. Þeir deyja allir. Hver með sínu lagi. Sumir falla í gólfíð í miðri setningu. Aðrir kveðja friðsamlega í draumi. Slokknar þá draumurinn eins og þegar kvikmyndinni er ekki varpað á tjaldið meir? Eða breytir bara draumurinn um svip, og öðlast nýja birtu og nýja liti? Og er þetta á nokkurn hátt merkjanlegt fyrir þann sem dreymir?

Unnur mín er dáin. Hún dó í draumi eina nótt þegar enginn var nálægur. Blessuð sé minning hennar (bls. 7-8)

Með þessu stílbragði ná höfundar að vekja áhuga lesenda undirbúningslaust með því veita ekki of miklar upplýsingar í upphafi.

4.2 Málfar

Höfundur notar frekar fornt mál sem hæfir sögutímanum. Sem dæmi má nefna: „... síðla nætur smokraði, hún sér fram úr setinu sem þær deila...“, *rismál, sæfólk, mansfólk, eljudóttirin* (bls. 7-9). Samt sem áður er textinn á einföldu og skiljanlegu máli en margar málsgreinarnar eru hins vegar mjög langar, eins og sjá má á þessum tveimur:

Jórunn fer reyndar nærri um það hver Auður er. Einhvern tímann síðla nætur smokraði hún sér fram úr setinu sem þær deila og hvíslaði í eyra hennar að hún ætlaði fram á Bjarghöfða að horfa eftir sæfólki í víkinni, það er helst á ferli í flæðarmálinu í birtingu, kannski sést til skipa, hún myndi koma heim í bítíð með skelfisk (bls. 7).

Hún getur tæpast látið eitthvert hjúanna gá að Auði þótt það flögri að henni í fyrstu, en það á illa við að senda ánauðugan húskarl í leit að frjálsborinni stúlku og þess utan treystir

hún þeim ekki öllum fyllilega, því síður sem mansfólkið hefur verið skemur á Ketilsstöðum; mörg eiga það enn til að horfa í augun á henni þegar þeim er sagt fyrir verkum eða þykjast jafnvel ekki skilja mál hennar (bls. 8).

Í *Auði* er mikið um ítarlegar lýsingar á umhverfi og persónum og það útskýrir kannski lengd málsgreina þar. Þannig verður textinn mjög myndrænn og lesandinn staldrar við einstaka atburði. Í Íslendingasögunum er málfarið einfalt og stíllinn er knappur og raunsæislegur. Fá orð eru höfð um persónur, atburði og tilfinningar sem gefur lesandanum aukið svigrúm til að túlka og lesa á milli línanna. Setningaskipan er einföld, málsgreinar stuttar og samtöl hnitmiðuð.

Ef *Auður* er borin saman við *Laxdælu* má sjá að í henni eru málsgreinarnar oft mjög langar ólíkt því sem er í *Laxdælu* þar sem setningarnar eru oft stuttar í anda Íslendingasagnanna. Knappur stíll einkennir líka *Laxdælu* öfugt við *Auði* þar sem skáldað er í eyðurnar og atburðir útfærðir á ítarlegan hátt með stuðningi heimilda. Setningar í *Laxdælu* hefjast einnig oft á sögn en í *Auði* eru setningarnar hins vegar nútímalegar:

Fréttir Ólafur nú hvað liði bónorðsmálum (*Laxdæla saga*, bls. 84)

Vita þóttist hann að þar myndi vera Þorgerður, dóttir Egils (*Laxdæla saga*, bls. 85)

Vilborg notar hins vegar stílbrögð sem einkenna Íslendingasögurnar til þess að magna spennu, s.s. forspá og fyrirboða og líkt og frásagnir Íslendingasagnanna er sviðsetning atburða í *Auði* oft mjög myndræn.

Eins og áður segir er málfarið oft mjög fornlegt, t.d. eru notuð orð eins og *utan* í stað *nema*, *rekkja* í stað *rúms*, *laugartrog* í stað einhvers konar *baðkars*, *kíma* í stað *brosa*, *geipa* í stað *ýkja* eða gorta, *meingjörð* í stað misgerð eða móðgun:

„Og svo geturðu vitanlega snúið þér undan í **rekkjunni** en þá er ekki víst nema börnin kvikni í kviðum ambáttanna,“ segir Afreka og glottir tvírætt. Konurnar umhverfis **laugartrog** **kíma**, allar utan Yngveldur. „Vertu ekki að **geipa** um þvílíkt við stúlkuna á degi sem þessum,“ segir hún þurrlega. „Það gæti fært henni ógæfu.“ Afreka muldrar niðurlút fyrirgefningarorð, hún ætlaði sér enga **meingjörð**. (bls. 156-157)

Tillögur að verkefnum fyrir nemendur:

Áhugavert væri fyrir nemendur að bera saman setningar í *Auði* og *Laxdælu* hvað viðkemur stöðu sagnar í setningunum. Til dæmis breyta setningum úr fornlegu máli í nútímalegt, t.d. eins og eftirfarandi setningum úr *Laxdæla* sögu:

Þótti þá úr skorið er Ólafur mælti þetta, og réð Örn leiðsögu þaðan í frá (bls. 72).

Sigla þeir þá nætur og daga og hafa jafnan byrlítið (bls. 72).

Komu þær engu á leið við Ólaf, því hann var um alla hluti samningarmaður (bls. 103).

Kvað og mey skyldu eftir vera þar til er hún kynni nokkurn farnað (bls. 103).

Þá væri einnig hægt að leggja fyrir þá verkefni þar sem þeir eiga að finna dæmi úr *Auði* um:

- fyrirboða
- fornlegt málfar
- sviðsetningu atburða
- langar setningar

Ef við snúum okkur þá að orðunum sjálfum þá notar Vilborg afar lýsandi orð til að lýsa *Auði*, bæði í útliti og hátterni í upphafi frásagnar:

Hún er líkust Katli af börnunum fjórum, ekki að yfirlitum því faðirinn er ljós og þau hin sömuleiðis, Jórunn líka, en Auður ein koldökk á hár og brún eins og Yngveldur sjálf, háfætt og sterkleg, en að upplaginu eru þau steyppt í sama mótið: sjálfráð og þrjóskufull. Og hann heldur upp á hana hvernig svo sem hún lætur, forvitna og hvatvísa; stúlkan þarf mann sem getur stillt hana (bls. 7-8).

Í framhaldinu stillir hún fram andstæðu Auðar í Þórunni systur hennar, fyrirmyndardótturinni, eins og til að undirstrika enn frekar persónuleika Auðar og þá lýsingu á henni sem komið hefur fram:

Það er þó lán að Þórunn, sú eldri, er allt önnur, eftirlát og rólynd, ætíð boðin og búin til hjálpar og ekkert síður nú en áður en hún var gefin fyrir fáum vetrum og það þótt hún sé með barn í pilsu, annað á höndum, það þriðja á leiðinni (bls. 8).

Persónuleiki Auðar ber vott um nýja sýn og nýja tíma og hún vill aukið sjálfræði og meiri völd í eigin lífi en Þórunn er undirgefin og og hlýðin eins og samfélagið ætlast til af konum þess tíma.

Lesandi fær strax í annarri málsgrein bókarinnar þá mynd af Yngveldi, móður Auðar, að hún sé afar hvöss og frekar köld persóna. Hún notar mikið boðhátt og skipandi tón, sbr.:

„Jórunn, farðu og finndu hana,“ segir Yngveldur. „Þú veist hvar hún heldur sig.“ Hún segir þetta ásakandi, eins og þær séu saman í ráðum um að vera henni til armæðu. (bls. 7)

Seinna í kaflanum er hún áfram skipandi þegar hún segir Jórunni að fara að leita að Auði og koma þar jafnframt skýrt fram ástæður gremju hennar og í hversu erfiðri stöðu konur voru í á víkingatímanum:

„Drífðu þig, Jórunn“, segir hún hvöss í bragði, gröm sjálfri sér fyrir ráðleysið og óttann sem grípur hana í hvert sinn sem Auður lætur sig hverfa, en líka Katli fyrir að vera eilíft fjarri þótt þannig hafi það löngum verið og verði víst lengi enn, í haust verður hann að gera dóttur sinni grein fyrir því að þetta getur ekki gengið svona lengur; að hún flækist um alla eyju að geðþótta sínum (bls. 9).

Sjá má af þessu hversu niðurnjörvuð kynhlutverkin voru og ramminn skýr. Ef stúlkur gengust ekki við hlutverkum sínum voru þær ekki lengur gjaldgengar og þóttu ekki lengur góður kvenkostur.

Ólafi hvíta er jafnframt lýst ítarlega í útliti:

Svo stendur hann þarna, maðurinn sem Jórunn hafði bent henni á við árbakkann, Ólafur hvíti, og hún horfir á hann forvitin: blik í vatnsbláum augum, beint nef og hakan breið, skeggið snöggskorið og ljóst eins og hárið brúnirnar ívið dekkri (bls. 148).

Þetta blik í vatnsbláum augum hans kemur fyrir aftur og ber vott um að hann sé geðugur og jafnvel hrifinn af Auði, sbr.

Engu líkara er en Ólafur hafi getið sér til um hugsanir hennar því á hann kemur kankvís svipur, glampi í bláum augunum þegar hann tekur við skálinni og sýpur drjúgt á, hefur ekki af henni augun á meðan (bls. 162).

Með ítarlegum lýsingum glæðir Vilborg persónur lífi og þær verða ljóslifandi fyrir lesandanum. Þarna þarf hún að skálda í eyðurnar þó hún byggir eflaust á þekkingu sinni á sögutíma og nær að gera þetta mjög vel og skapa afar trúverðugar persónur. Í þessu tilliti væri áhugavert að skoða orðin sem notuð eru til að lýsa persónum með nemendum og fá þá til að átta sig á áhrifum þeirra.

4.3 Sögutíminn

Í upphafi bókarinnar er sagan staðsett bæði í tíma og rúmi, hún hefst á Tyrvist (einni af Suðureyjum) í sólmánuði árið 853 og segir sagan frá einu til tveimur árum í lífi Auðar. Ytri tími sögunnar kemur sterkt fram í öllum lýsingum sögunnar. Til dæmis er ítarleg lýsing á innihaldi búrs Ketils og Yngveldar sem gefur til kynna að söguviðið er ekki nútíminn (bls. 46):

Á því er þó ekkert að græða fremur en búast mátti við, skyr- og mysuker og stórir sáir fylltir með súrsuðum innmat standa í þéttum röðum á gólfinu meðfram steinhlöðnum veggjum. Harðfiskur, reykt kjöt og sperðlar hanga á loftbitum, osthleifar og smjörkökur fylla hillurnar, hér rúmast ekki dýrgripakistur fyrir gnótt matar.

Þetta gæti þó verið matarbúr á Íslandi mörgum öldum síðar.

Togstreitan í trúmálum sýnir kannski enn betur ytri tíma sögunnar. Vélaug móðir Ketils flatnefs er enn mjög heiðin og kemur það fram í öllu sem hún segir og gerir. Til dæmis má merkja það af samtali hennar og sonar hennar þegar hún liggur banaleguna eftir byltuna við hofið:

Ketill hristir höfuðið, hún mun komast á fætur fyrr en varir, beinin þurfa aðeins að fá tíma til að gróa. En hún þaggar niður í honum með því að banda frá sér hendi, hún verður víslega og vonandi á Fólkvangi með Freyju áður en vetrar, það er ekki til að fárast yfir þótt aldrað fólk hrökkvi upp af. Verst þykir henni þó að hafa þurft að lifa þá óhæfu og goðgá sem ólukkan Hvítakristismaðurinn hefur framið undir nefinu á þeim öllum; hún tekur í ermi sonar síns og togar hann nær sér. „Ódámurinn brenndi hofið!“

Það koma fyrir lýsingar á fatnaði sem gefa sögutímann til kynna ásamt stétt og stöðu persóna, t.d. er fötum Auðar við brúðkaupið og fatnaði Guðröðar Manarkonungs lýst svo:

Þær búa hana í dyngjunni, færa hana í rauð og blá, ökklasíð línklæði, brydduð marglitum ísaumi, nálsporin öll Auðar sjálfrar (bls. 157).

Litklæðnaður og skart gefa tign hans þó víslega til kynna; hann er klæddur rauðri skikkju, mynsturbryddaðri, og bláum kyrtli, ber gilda armbauga úr silfri, fingurgull á báðum höndum (bls. 147)

Af þessu má ráða að íburðurinn er nokkur og því greinilega um höfðingja að ræða .

4.4 Kynhlutverk sögutímans

Í Íslendingasögunum skiptir skapgerð konu miklu máli, þ.e. að vera hörð í skapi er jákvætt og konur sem hafa eiginleika karla eru upphafnar. Karlar eru að sama skapi dregnir niður ef þeir hafa skapgerð eða eiginleika kvenna og eru þá taldir samkynhneigðir og huglausir (sjá Véstein Ólason 1998:119). Það er vert að huga að þessu og nefna við nemendur þar sem það sama virðist eiga við um *Auði*, sem virðist hafa þessi karllegu einkenni og væri t.d. hægt að bera hana saman við aðrar konur sem nemendur þekkja í Íslendingasögunum.

Saga Vilborgar um Auði er byggð á heimildum um Auði djúpúðgu og ættmenni hennar og í sögunni styðst hún við heimildir um sögutíma og lýsir stöðu kynjanna mjög vel. Auður er stolt og skapstór og vill ráða meiru um eigið líf en hefðin gerir ráð fyrir. Konur áttu að giftast og eignast börn. Karlarnir í bókinni eiga líka að vera sterkir og bardagaglaðir og bera björg í bú samkvæmt venju sögutíma. Allt snýst um heiður, sæmd og virðingu. Hlutverk kynjanna í bókinni eru því mjög skýr, staður karlmanna er utan veggja heimilisins og staður kvenna innan þeirra. Konur voru gefnar í hjónaband og réðu litlu hverjar þær giftust. Um hagsmunahjónabönd var yfirleitt að ræða þar sem lítið fór fyrir ást því völd skiptu þar meira máli.

Fjallað er um stöðu kvenna á Þjóðveldisöld í greinunum *Staða íslenskra kvenna á Þjóðveldisöld* (Saga, 22 (1984:7-30) eftir Ólafíu Einarsdóttur og *Viðhorf til kvenna í Grágás* (Sagnir, 7. árg. 1986:23-30) eftir Agnesi Siggerði Arnórsdóttur. Ólafía og Agnes eru ekki á sama máli um að kynin hafi haft sama rétt hvað varðar efnahag og persónulegt frelsi. Agnes dregur í efa að svo hafi verið en Ólafía er á öðru máli. Tilvalið væri fyrir kennara að tengja umfjöllunina um *Auði* við stöðu kvenna á sögutíma.

Tillögur að verkefni fyrir nemendur:

- Finnið nokkur dæmi í sögunni *Auði* sem sýnir hversu sterk kona hún er.
- Ríkir jafnræði með Auði og Ólafi í sögunni? Komið með dæmi sem styðja skoðun ykkar.
- Ríkir jafnræði með Katli flatnef og Yngveldi? Komið með dæmi sem styðja skoðun ykkar.
- Hvernig er samband Þórunnar systur Auðar og Helga manns hennar. Komið með dæmi til rökstuðnings.

Kennari gæti jafnvel varpað þessum spurningum (og fleiri ef hann vill) til nemenda og skrifað þau svör sem nemendur koma með á töfluna jafnóðum.

4.5 Þemu

Það má greina ýmis þemu í bókinni. **Trúskiptin** og sá árekstur sem þau valda er meginþema bókarinnar. Heiðni hugsanahátturinn kemur sterkt fram þó kristnin sé farin að sækja á. Í bókinni er greint frá samspili heiðni og kristni sem varpar ljósi á mismunandi hugsanahátt og hefðir hvað varðar sæmd, heiður, hefnd og völd. Annað meginþema er **kynhlutverk** og staða karla og kvenna á sögutíma. Mikið ójafnræði ríkir á milli kynjanna eins og fram hefur komið og Auður reynir að brjótast út fyrir ramma hefðarinnar um hlutverk konunnar. Auk þess má segja að **hjónabönd og barneignir** gegni stóru hlutverki í sögunni innan þess þema. Í sögunni kemur skýrt fram að með því að giftast tekur konan þá miklu áhættu sem fylgir barneignum því konur dóu oft af barnsförum. Kynhlutverk karlmannsins er ekki síður skýrt þar sem **bardagar og átök** hafa mikið vægi í sögunni.

Það mætti vinna með þessi þemu á ýmsan hátt, hægt væri að gera alls kyns verkefni um hvert og eitt þeirra. T.d. væri hægt að fá nemendur til að skrifa greinargerðir, ritgerðir, undirbúa kynningar, taka viðtöl við sögupersónur um hvert og eitt þessara þema. T.d. væri hægt að hugsa sér að tekið væri Kastljóssviðtal við Auði um trúskiptin og áhrif þeirra, um stöðu hennar eða áhrif hjónabands og barneigna á líf kvenna á hennar tíma. Síðan mætti líka hugsa sér samanburð við nútímann. T.d. væri áhugavert að skoða trúskiptin og vægi trúarbragða (hvort sem heiðni eða kristni) á sögutíma við það vægi sem trúarbrögð hafa í dag á okkar tíma.

5. Að lestri loknum

Það má hugsa sér fjölbreytt og skemmtileg verkefni eftir lestur bókarinnar, t.d. skrifleg, munnleg (umræður) og alls kyns skapandi verkefni.

5.1 Umræður

Gott er að ræða efni bókarinnar. Allir hafa einhverja skoðun og með góðri stýringu kennara geta náðst gagnlegar og skemmtilegar umræður. Til dæmis mætti hugsa sér tíma þar sem kennari stjórnar umræðum og skrifar svör hvers hóps á töfluna að umræðunum loknum. Hægt væri að skipta nemendum í þriggja til fimm manna hópa þar sem skipaður er ritari, hópstjóri og talsmaður í hverjum hópi. Í hópvinnumni væri gott að nota svokallað *könnunartal* en sú aðferð miðar að gagnlegri hópvinnu þar sem samvinna ríkir. Nemendur verða að virða svör hver annars. Allir í hópnum ræða saman til að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Einkenni könnunarsamtala:

- þátttakendur eru virkir í samræðunum og taka á móti framlögum annarra á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt
- þátttakendur þurfa að íhuga svörin og vinsa úr upplýsingum sem skipta máli
- lausn fæst með sameiginlegu framlagi þátttakenda
- tillögu er ekki hafnað nema bjóða fram annan möguleika sem allir samþykkja
- engar einræður eru leyfðar
- ógagnrýnin svör eins og *já* og *nei* koma helst ekki fyrir, allt er rökstutt

(Þórunn Blöndal 2005:141).

Hægt væri einnig að nota púslaðferðina í slíkum umræðum. Sú aðferð miðar að því að hver nemandi sé þátttakandi í tveimur hópum, annars vegar sérfræðingahópi og hins vegar heimahópi en í þeim hópi kynnir hann niðurstöður síns sérfræðihóps. Í sérfræðingahópnum er markmiðið að nemendur kryfji sameiginlega viðfangsefnið (Ingvar Sigurgeirsson 1999:142). Á þennan hátt er hægt að komast yfir mikið efni á stuttum tíma og miðla til annarra nemenda. Bókin er þá krufin lið fyrir lið. Einnig mætti hugsa sér samræður í stórum hópum þar sem hóparnir kynna niðurstöður umræðnanna í lokin.

Hugsanleg umræðuefni úr *Auði*:

- Ræðið saman um stöðu kvenna í skáldsögunni *Auði*
 - Ambáttir og frjálsar giftar konur
 - Ræðið hjónabönd út frá því sem þið hafið komist að í bókinni.
 - Hver er staða stúlkna sem eru að vaxa úr grasi?
 - Hvernig var samskiptum háttað milli frjálsra kvenna og ambátta? Skoðið samskipti Auðar og Eðnu annars vegar og Yngveldar og Morag hins vegar?
 - Ræðið áhrif stéttaskiptingar á líf kvenna.
 - Hvaða áhrif höfðu barneignir á konur?
- Ræðið saman um stöðu karla skáldsögunni *Auði*.
 - Þrælar og frjálsir karlmenn
 - Ræðið hjónabönd út frá því sem þið hafið komist að í bókinni.
 - Hver er staða pilta sem eru að vaxa úr grasi? Hvaða kröfur voru gerðar til þeirra?
 - Hvernig var samskiptum háttað milli frjálsra karla og ambátta? Skoðið samskipti Ólafs hvíta og Eðnu annars vegar og Ketils flatnefs og Morag hins vegar?
 - Hver var staða þræla?
 - Hvaða áhrif hafði ófriðurinn á líf karla?
 - Ræðið áhrif feðra, bræðra og sona á líf kvenna í fjölskyldunni.

- Heiðni og kristni
 - Hvaða siðir og venjur ríktu í heiðninni? Í bókinni kemur það t.d. í sambandi við fæðingar og giftingar.
 - Ræðið hvernig við sjáum heiðni endurspeglast í okkar samfélagi.
 - Hvaða áhrif hafa trúskiptin á stéttaskiptingu í bókinni?
 - Við hvaða stétt var kristin trú frekar kennd í *Auði*?
 - Hvaða hag töldu þrælar og ambáttir sig hafa af því að húsbændur þeirra tækju kristna trú?

Umræðuefnin eru auðvitað óþrjótandi og um að gera að nýta sér áhugasvið nemendahópsins og tengja umræðuna svolítið við nútímann til að færa sögusviðið nær nemendum. Í sögunni koma fyrir sammannleg efni sem allir ættu að geta tengt nútímanum.

5.2 Ritunarverkefni

Bókin er endalaus uppspretta góðra ritunarverkefna en gaman væri að hafa þau skapandi þannig að þau reyni svolítið á túlkun nemenda.

Hugmyndir að ritunarverkefnum:

- Skriðið dagbók Auðar eftir að hún giftist Ólafi.
- Ketill flatnefur var frækinn víkingur. Takið viðtal við hann um herferðir hans og áhrif þeirra á fjölskyldulífið.
- Skriðið æviminningar Vélaugar við lok ævi hennar. Mundu að huga að þeim breytingum sem hún hefur upplifað og viðhorfum hennar til yngri kynslóðarinnar.
- Skriðið greinargerð um systurnar Auði og Þórunni og notið lýsingarorðin sem koma fyrir í sögunni:

Auður	Þórunn
sjálfráð	eftirlát
þrjóskufull	rólynd
forvitin	hjálpöm
hvatvís	undirgefin
uppátektarsöm	

- Skriðið söguna eins og hún hefði verið ef Auður hefði verið undirgefin og farið að ráðum og vilja föður síns og bróður eftir skilnaðinn við Ólaf.

- Skrifið dagbókarfærslu Eðnu þegar ljóst er að Ólafur ætlar að giftast Auði. Munið að huga að tilfinningum hennar, s.s. afbrýðisemi, ást, hatri, hræðslu, von/vonleysi.
- Lýsið Yngveldi, finnið orð í bókinni sem styðja lýsingu ykkar á henni. Skoðið stöðu hennar í hjónabandinu og segið frá henni.
- Ólafur hvíti er mikill höfðingi í Dyflinni. Takið viðtal við hann um hjónaband hans og Auðar og ástæðurnar fyrir skilnaði þeirra.
- Lýsið aðstæðum Moragar og kvenna í hennar stöðu.
- Getur kona á 9. öldinni verið sjálfstæð? Rökstyðjið skoðun ykkar.

5.3. Samanburður á einstökum köflum

Þar sem eitt meginþema bókarinnar er kynhlutverkin væri tilvalið að bera saman heim karla og kvenna þar sem hann birtist með gjörólíkum hætti í bókinni.

Hugmynd að verkefni:

Hér eru tvö textabrot úr bókinni. Sögusvið þess fyrra er dyngjan sem er yfirráðasvæði kvenna og karlar höfðu ekki aðgang að. Sögusvið þess síðara er bardagi sem konur tóku ekki þátt í. Berið saman heim kvenna og karla.

Líf kvenna á landnámsöld; heimur kvenna (Auður bls. 36-38)

Þórunn er studd niður í dyngjuna og skilur eftir sig vota slóð; legvatnið er farið og léttasóttin þegar farin að herðast, ambáttirnar eru í flýti sendar eftir hálm til að leggja undir konuna á troðið moldargólfið. Brekán er breytt yfir heyið og hægindum komið fyrir undir höfði og herðum hinnar þunguðu, sem leggst á hliðina og rymur í henni við hverja hríð. Vélaug tyllir sér á setið næst henni, kveður Oddrúnargrát svo sem hún á vanda til þegar afkomanda er von í veröldina og rær fram í gráðið eftir hljóðfallinu. Hlýleg og róandi kveðandi gömlu konunnar fyllir brjóst kvennanna og vikur burt óðagotinu sem hafði gripið þær í fyrstunni – barnsins var ekki vænst fyrr en eftir tvær vikur í fyrsta lagi, hörð reiðin og uppnámið vegna tíðindanna frá Írlandi hafði vísast orðið til þess að hraða fæðingunni:

*Svo hjálpi þér
hollar vættir,
Frigg og Freyja
og fleiri goð,
sem felldir þú mér
fár af höndum...*

Það líður fram á kvöld, enn elnar Þórunni sóttin. En eitthvað er að, harmagrátur Oddrúnar margkveðinn, ekkert gerist. Auður les vaxandi áhyggjur úr svip bæði móður sinnar og ömmu. Konurnar ganga um dyngjuna og fara höndum um belti og klæðabönd, fullvissa sig um að hvergi séu á hnútar sem hindrað gætu fæðinguna, bundið barnið í móðurkviðnum; opna læsta kistla, taka lok af ílátum. Þórunn sjálf er vart með fullri rænu og virðist horfin inn í sársaukann, hljóðar af og til svo að skelfing er að heyra, stundum hátt, stundum lægra líkt og kraftar hennar séu á þrotum, andlitið blautt af svita og tárur.

„Ég vil fá Morag,“ stynur hún upp veikri röddu eftir sérlega harðan verk, horfir þrútnum og blóðhlaupnum augum á Yngveldi. „Mamma, sendu eftir Morag að leysa frá mér barnið, ég get ekki meira!“

Auður rís þegar á fætur. „Ég skal fara eftir henni.“

„Vertu kyrr,“ segir Vélaug hvassyrst. „Hér eru það dísir sem munu duga, kvenmaðurinn sá á ekkert erindi hér með sitt kristna kukl.“

Yngveldur strýkur dulu yfir svitastorkið enni eldri dóttur sinnar, svipur hennar óræður. „Farðu ríðandi að Krossgerði, Auður mín, og hafðu hraðan á,“ segir hún eftir stutta þögn, lítur ekki upp. „Taktu Kengálu og hafðu Skjóna með þér undir konuna.“

- Hvað einkennir andrúmsloft senunnar?
- Hvernig er samskiptum kvennanna háttað. Hvað einkennir þau?
- Hugði að fyrstu málsgrein senunnar; hvaða merkingu hefur hún og hverju lýsir hún?
- Hugði að hjátrúnni í kringum fæðingar sem kemur skýrt fram í þessum texta. Nefnið nokkur atriði og tengið þau við fæðinguna.
- Hvernig tengist kvæðið *Oddrúnargrátur* fæðingum á landnámsöld?
- Hvers vegna hafa konurnar áhyggjur af líðan Þórunnar?
- Nefnið ólíkar ástæður Vélaugar og Yngveldar fyrir að vilja ekki fá Morag.
- Hvers vegna fer Yngveldur ekki að ráðum Vélaugar, móður sinnar?
- Berið saman fyrri senuna þar sem heimi kvenna er lýst við sams konar senu nú til dags. Hvað hefur breyst hvað viðkemur fæðingum kvenna?
- Í senunni kemur berlega í ljós ólík viðhorf eldri kynslóðarinnar og þeirra yngri, þ.e. Vélaug stendur fyrir eldri kynslóðina og Auður og systur hennar fyrir þá yngri. Er sama kynslóðabilið nú til dags? Hvað einkennir eldri kynslóðina í dag ef hún er borin saman við yngri kynslóðina?
- Í senunni standa konurnar saman þegar á reynir, þrátt fyrir að elda grátt silfur saman dags daglega. Er þessu eins farið nú til dags?
- Hvað merkja orðin: **dyngja, brekán, að róa fram í gráðið?**

Líf karla á landnámsöld; heimur karla (Auður bls. 93-94)

Þetta textabrot fjallar um yfirráðasvæði karla en senan fjallar um bardaga og víg:

Aldrei á ævinni hefur hann verið jafnhræddur, ekki einu sinni þegar Norðmennirnir komu í ey Kolumkilla; þá var hann of ungur til að óttast dauðann.

„Velkominn til helvítis!“ Einn Ulaðanna, þrekvaxinn og herðabreiður maður með dökkt og mikið yfirvaraskegg, stendur hjá honum, slær hann með stórum lófunum bylmingshögg í brjóstbakið. „Ætlarðu að láta *lochlannach* eina um orrustuna?“ Og er um leið hlaupinn inn í þyrpingu manna og hesta, organdi vígorð, sem vísast er eins gott að bandamenn hans skilji ekki: „Bas do na Goill!“ Dauði yfir útlendingunum!

Gilli herðir tókin um hjöltun á saxinu, lófinn þvalur við leðurvafningana um meðalkaflann, bæn kemur fram á varir hans: „Guð, almáttugur, höfðingi höfðingjanna, sé með mér og verndi mig, Kristur leiði mig, heilagur andi styrki mig, um alla eilífð, amen.“ Hann finnur andardrátt sinn hægjast og hnén styrkjast. Blóðgi hann saxið gengur hann frjáls maður af vígvellinum, Örlygur er maður orða sinna. Hann dregur andann djúpt, fyllir lungun af eins miklu lofti og honum er unnt, æpir upp um leið og hann hleypur af stað og sveiflar saxinu fyrir ofan höfuð sér; öskrar eins og mannýgur tarfur til þess að yfirgnæfa hræðsluna, útilokar alla hugsun nema þessa einu: að lifa af. Það er hált undir fæti, Gilli rennur til og hefur næstum hrasað; það hefur rignt við ströndina um nóttina, hann lítur niður fyrir sig. Blóðlækir úr sárum manna eftir limlestingar og holundir hafa runnið í regnblautan jarðveginn svo að úr er orðin dreyrug eðja, fnykur af saur blandast dauni af hvers kyns líkamsvessum. Hestur frýsar þöndum nösum að baki hans og hann rétt nær að víkja sér undan þegar hrossið þeysist framhjá, æðisglampi í augum þess. Hann skimar í kringum sig ef bræðrunum, hjartslátturinn dunar fyrir eyrunum, kemur hvergi auga á þá. Barist er í vávígi um allan völlinn, víðast tveir og tveir, sums staðar fleiri í þvögu. Flestir bera fyrir sig ílanga, járnslegna skildi eða litla, kringlóttu bukklara, hafa öxi eða sverð í hendi, vopnabrakið, hrópin og öskrin ærandi. Skammt frá honum slá nokkrir Ulaðsmenn skjaldborg um féлага sinn sem liggur sár á jörðinni, megnið af görnunum hangir út úr kviðnum á honum; þeir snúa bökum saman gegn mönnum sem hljóta að vera í liði Máels hákonungs því á milli þeirra ganga ekki sverðshögg og spjótslög heldur einnig straumur fúkyrða á írsku.

- Hugið að fyrstu sjö línunum senunnar; hvað einkennir þær? Hvaða tilfinningu vill höfundur skapa með þeim?
- Hugið að síðustu málsgrein senunnar, hverju lýsir hún?
- Ef þið hugið að lífi karlmannsins á víkingaöld; hvers konar lífi er lýst þarna?
- Hvað þurfti Gilli að gera í þessum bardaga til þess að öðlast frelsi?
- „Gilli hleypur eins og **mannýgur tarfur**.“ Hvað er átt við með því?
- Hvað merkja orðin: **holund, dreyrug eðja, að frýsa, að slá skjaldborg**.
- Ef við hugsum um stríð nú til dags, hefur eitthvað breyst?

Samanburður á textabrotunum tveimur:

- Hvað er sameiginlegt með þeim aðstæðum sem lýst er í senunum tveimur?
- Hvað er ólíkt með þeim aðstæðum sem lýst er?
- Er jafnmikill munur á lífi karla og kvenna í dag og var á landnámsöld? Nefnið nokkur atriði máli ykkar til stuðnings.

Með samanburðinum ættu nemendur að koma auga á þá lífshættu sem bæði karlar og konur voru í á sögutíma, en þó með gjörólíkum hætti.

6. Tillögur að lokaverkefni eða prófi.

Hér eru nokkrar tillögur að fjölbreyttum og skapandi lokaverkefnum úr bókinni *Auði*, ein þeirra, **Myndabók um Auði**, er útfærð nánar.

Dagbók

Nemendur velja sér persónu og halda dagbók fyrir hana og miða þá við þá atburði sem hafa átt sér stað í bókinni en geta leyft sér að skálda í eyðurnar ekkert ólíkt því sem höfundur sögulegrar skáldsögu gerir.

Ritgerð

Möguleg ritgerðarefni:

- Samband systranna, Jórunnar, Þórunnar og Auðar. Staða þeirra og viðhorf til stöðu konunnar.
- Líf þeirra sem bjuggu á Bretlandseyjum þegar norrænir menn fóru að herja á eyjarnar og hnepptir voru í ánaud.
- Veljið ykkur persónu í bókinni og skrifið um líf hennar, væntingar og vonir. Berið hana saman við aðra persónu sem er ólík henni.

Myndband

Nemendur velja sér senu í bókinni sem hefur haft áhrif á þá og leika hana með sinni túlkun. Þeir taka atriðið upp og verða að gæta þess að huga að öllum smáatriðum, eins og málfari, svipbrigðum og öðru sem lýsir tilfinningum og persónum.

Skriflegt próf

Krossaspurningar og ritgerðarspurningar.


Myndabók um Auði

Nemendur eiga að gera útdrátt úr sögu Auðar og annarra persóna sem tengjast henni í stuttu máli. Bókina á vinna eins og myndasögu, myndir eru gerðar með hjálp teikniforrita eða með því að teikna myndir og skanna þær eða taka myndir af þeim. Textinn sem er saminn er settur undir hverja mynd. Sagan er annað hvort skrifuð í *Word*-ritvinnslu eða textaumsjónarkerfinu *Publisher* og textakassi (text box) notaður fyrir textann.

Nemendur verða að styðjast við söguna í persónulýsingum og atburðarás en mega hins vegar skálda í eyðurnar líka og höfundar sögulegra skáldsagna gera. Gæta verður þess að bókin sé byggð upp þannig að í henni sé inngangur, meginmál og lokaorð auk þess sem huga þarf að efnisgreinum, greinamerkjum samtölum og málfari. Mismunandi persónur tala á ólíkan hátt eftir stétt og stöðu. Í teikningum þarf að huga að klæðnaði og útliti persóna (að klæðnaður hæfi sögutímanum og þeirri stétt sem viðkomandi tilheyrir, fylgja þarf því útliti persónanna sem lýst er, t.d. háralit, augnlit o.s.frv.).

Huga verður að frásagnarstíl, hvort segja á söguna í 1. eða 3. persónu og huga að sjónarhorni í samræmi við það sem þið ákveðið.

Glærur um Auði



Auður

- o Bókin er eftir Vilborgu Davíðsdóttur og er fyrsta af þremur bókum hennar um Auði.
- o Önnur bókin kom út 2012 og heitir hún Vígroði
- o Þriðja bókin er væntanleg
- o Sagan er byggð á sögu Auðar djúpúðgu sem er þekkt persóna úr *Landnámu* og var fyrsta landnámskona Íslands.
- o Höfundur fléttar saman skáldskap og heimildum.

Auður

- o Sagan hefst árið 853 á Suðureyjum þegar Auður er á unglingsaldri og býr í foreldrahúsum.
- o Auður er sjálfstæð, hvatvís, forvitin og þrjósk.
- o Í bókinni er sögð saga hennar þar til hún hefur verið gefin Ólafi hvíta og eignast með honum drenginn Þorstein rauða.

Auður

- o Sögutími verksins er á mörkum heiðni og kristni á Bretlandseyjum og er trúskiptunum lýst vel í bókinni.
- o Auður tekur kristni en ættingjar hennar eru flestir heiðnir og verðandi eiginmaður einnig.

Atburðarás

- o Það ríkir stöðugur ófriður á Bretlandseyjum á sögutíma og faðir Auður, Ketill flatnefur, og bróðir hennar, Helgi bjólan eru í hernaði.
- o Konurnar eru einar heima ásamt þrælum og ambáttum.
- o Munkurinn Gilli kemur inn í líf þeirra með kristinn boðskap og skírir Auði og Þórunni systur hennar og systrabörn.
- o Gilli ætlar sér að koma helgri bók aftur í klaustrið þaðan sem henni var stolið.

Atburðarás – framhald

- o Þegar Ketill kemur heim hefur hofið á bænum brunnið og Gilla er kennt um það og er drepinn.
- o Auður er gefin Ólafi hvíta og flyst til Dyflinnar til hans. Hún tekur með sér bókina sem Gilli ætlaði að skila og leggur í hættuför til að koma henni í réttar hendur.
- o Ambátt Ólafs kemur þeirri hugmynd að hjá honum að Auður og Gilli hafi átt í sambandi.
- o Ólafur segir skilið við Auði eftir að sonur þeirra fæðist þar sem hann er rauðhærður eins og Gilli.

Atburðarás - framhald

- o Auður flyst á Þórsá, jörð sem hún fékk í língjöf frá Ólafi við brúðkaup þeirra jafnvel þó bróðir hennar sé því mótfallinn.

Þemu bókarinnar

- o Trúskiptin og árekstur milli heiðni og kristni.
 - o Heiðinn hugsanaháttur kemur sterkt fram þótt kristnin sé farin að sækja á.
 - o Með kristninni breytast hugmyndir manna um sæmd, heiður og völd.
- o Kynhlutverk
 - o Hjónaband og barneignir
 - o Bardagar og átök

Kynhlutverk á landnámsöld

Konur

- voru gefnar í hjónaband og höfðu ekkert val um barneignir
- heimilið var þeirra staður

Karlar

- ráðstöfuðu konum í fjölskyldunni, ákváðu hverjum þær giftust.
- tóku þátt í blóðugum bardögum
- virðing og hefndarskylda

Mikilvægt er að huga að

- Byggingu
- Sjónarhorni
- Stíl
- Andrúmslofti
- Málfari
- Sögutíma

Heimildir

- Andrea Hjalmsdóttir og Þóroddur Bjarnason. 2009. „Og seinna börnin segja: Þetta er einmitt sú veröld sem ég vil“...? Breytingar á viðhorfum 10. bekkinga til jafnréttismála, til jafnréttismála 1992-2006. *Uppeldi og menntun* 17:75-86.
- Auður Magnús Leiknisdóttir. 2005. *Bráðum kemur betri tíð. Um viðhorf til jafnréttismála í upphafi 21. aldar*. Óbirt B.A.-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild, Reykjavík.
- Bergsveinn Birgisson. 2010. *Svar við bréfi Helgu*. Bjartur, Reykjavík.
- Gunnar Karlsson. 1996. *Laxdæla saga*. Kennarahandbók. Námsgagnastofnun. Sótt 15.04 2013 af http://www.nams.is/pdf/laxdaela_saga_net.pdf
- Ingvar Sigurgeirsson. 1999. *Litróf kennsluáðferðanna*. Handbók fyrir kennara og kennaraefni. Æskan, Reykjavík.
- Kristín Marja Baldursdóttir. 2004. *Karítas án titils*. Mál og menning, Reykjavík.
- _____. 2007. *Óreiða á striga*. Mál og menning, Reykjavík.
- Kristín Steinsdóttir. 2010. *Ljósa*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. 2011. *Aðalnámskrá fyrir framhaldsskóla. Almennur hluti*. Reykjavík.
- Laxdæla*. 1998.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Samræður við söguöld*. Mál og menning, Reykjavík.
- Wright, Trevor. 2012. *How to be a Brilliant English Teacher*. Routledge, London.
- Þorgerður Einarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. 2011. Kynjajafnréttisfræðsla í skólum. Hindranir og tækifæri. *Ráðstefnurit Netlu - Menntakvika 2011*. Sótt 4. nóvember 2012 á slóðina <http://netla.hi.is/menntakvika2011/030.pdf>.
- Þórunn Blöndal. 2005. *Lifandi mál*. Inngangur að orðræðu og samtalsgreiningu. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Ítarefni:

- Ármann Jakobsson. 2005. Á ég að gæta bróður míns? Innlifunin og Þórólfur Skalla-Grímsson. *Skíma* 2:35-41.
- Baldur Ragnarsson. 1977. *Móðurmál. Leiðarvísir handa kennurum og kennaraefnum*. Iðunn, Reykjavík.

Meyvant Þórólfsson. 2003. Mat á námrárangri og námsframvindu með skriflegum prófum. Kennaraháskóli Íslands. Sótt 13.03. 2013 á slóðina <https://notendur.hi.is/meyvant/Gronlund-utdrattur05.pdf>

Rósa Maggý Grétarsdóttir. 2007. Hverjum á námsmat að þjóna. *Skíma* 1:15-17.

Þorsteinn Mar Gunnlaugsson. 2007. Hættum að þylja upp ættartré - tókum viðtal við Auði Vésteinsdóttur. *Skíma* 1:44-47.